

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010, með síðari breytingum.

1. gr.

f-liður 7. gr. hljóði svo:

Til sérstakra verkefna sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög, sbr. 11. gr.

2. gr.

Síðasti málslíður b-liðar 1. mgr. 8. gr. hljóði svo:

Endanlegt uppgjör skal fara fram eigi síðar en í árslok á grundvelli upplýsinga um íbúafjölda sveitarfélaga 1. janúar á sama ári og leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Innanrikisráðuneytinu, 7. mars 2013.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.